

ÞÝÐINGARSAMNINGUR

Þýðingarsamningur samþykktur af stjórnnum Rithöfundasambands Íslands og Félags íslenskra bókaútgefenda

Undirritaðir xxxx, kt. xxxxx, í samningi þessum nefndur þýðandinn og xxxxxxx, kt. xxxxxx, í samningi þessum nefndur útgefandinn, gera með sér með þeim skilmálum sem að neðan greinir svofelldan samning um þýðingu á hluta eða heild á verkinu:

Þýðingin er úr _____ á _____.

Þýðingin er gerð eftir _____ útgáfu frá árinu _____.

Handrit skal afhent eigi síðar en _____.

SKILMÁLAR

A. TEGUND ÞÝÐINGARSAMNINGS

I. Samningur um útgáfu

- Þýðingarlaun miðast við flokk _____, skv. 8. grein.
- Grunneintakafjöldi útgáfu í öllum útgáfumyndum er samkvæmt samningi þessum 7.000 eintök.
- Þýðingarlaun umfram greiðslu fyrir grunneintakafjölda nema 7% af nettóverði í öllum útgáfumyndum, skv. 8. grein.
- Fyrirframgreiðsla fyrir þýðingu skv. 8. grein, er 1/3 hluti áætlaðar grunngreiðslu, eða kr. _____, hafi ekki áður verið gerður samningur um reynsluþýðingu, sbr. grein B. 1.1. og 8. og A. II.
- Greiðsla fyrir grunneintakafjölda er áætluð kr. _____.
- Önnur atriði _____

Samningurinn er gerður í tvíriti og heldur hvor aðilinn frumriti.

Rísi ágreiningur vegna samningsins má reka mál vegna hans fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningurinn er undirritaður í votta viðurvist.

Staður og dagsetning

Undirskrift þýðanda

Undirskrift útgefanda



II. Samningur um reynslubýðingu

- a) Þýðingarlaun fyrir reynslubýðingu miðast við flokk D, sbr. 8. grein.
- b) Sé reynslubýðing talin fullnægjandi af útgefanda og komi til útgáfu á verkinu í heild staðfesta þýðandi og útgefandi lið A. I. í samningi þessum með þeim skilmálum sem þar greinir.
- c) Sé reynslubýðing talin fullnægjandi af útgefanda og komi til útgáfu á verkinu í heild dregst greiðsla fyrir reynslubýðingu frá fyrirframgreiðslu þýðingarlauna.
- d) Sé reynslubýðingu hafnað er útgefanda óheimilt að nýta hana frekar.
- e) Greiðsla fyrir reynslubýðingu er áætluð kr. _____.
- f) Önnur atriði _____

Samningurinn er gerður í tvíriti og heldur hvor aðilinn frumriti.

Rísi ágreiningur vegna samningsins má reka mál vegna hans fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningurinn er undirritaður í votta viðurvist.

Staður og dagsetning

Undirskrift þýðanda

Undirskrift útgefanda

B. GILDISSVIÐ ÞÝÐINGARSAMNINGSS

1. gr. Veitt réttindi.

1.1. Almenn ákvæði.

Þýðandinn tekur með samningi þessum að sér þýðingu á því verki sem að framan greinir. Útgefandinn hefur tryggt sér útgáfurétt verksins með samningi við eiganda höfundarréttar þess eða hefur með öðrum hætti aflað sér heimildar til útgáfunnar. Þetta ákvæði gildir þó ekki um reynsluþýðingar þegar útgefandi hefur einvörðungu hug á að kanna færni þýðanda.

Útgefandinn hefur samkvæmt samningi þessum, með þeim skilmálum sem greindir eru hér á eftir, einkarétt til að framleiða og gefa út þýðinguna í öllum útgáfumyndum í því upplagi sem hann kys. Með útgáfumyndum er átt við að þýðingin geti verið gefin út hvort sem er innbundin, í kilju, hljóðútgáfu eða rafrænni útgáfu.

Grunneintakafjöldi þýðingarinnar í hvaða útgáfumynd sem útgefandi ákveður eru 7.000 eintök. Útgefanda er heimilt að selja og framleiða þýðinguna eftir að grunneintakafjöldi er náð. Þýðandi á þá rétt á greiðslu sem svarar til 7% af nettósöluverði verksins svo lengi sem það er til sölu og útgefandi hefur heimild til sölu þess og dreifingar. Með nettósöluverði er átt við tekjur útgefanda af sölu verksins að frádregnum virðisaukaskatti. Útgefanda ber að tilkynna þýðanda þegar sala hefur náð 7.000 eintökum og láta þýðanda eftir það árlega í té yfirlit yfir seld eintök og standa skil á þýðingarlaunum eins og greinir í kafla samningsins um fjárhagslega skilmála (grein 8.)

1.2. Reynsluþýðingar

Útgefandi getur falið þýðanda að þýða einungis lítinn hluta verksins í því skyni að reyna færni hans áður en gerður er samningur um þýðingu alls verksins og undirrita þá þýðandi og útgefandi skilmála í grein A. II. Í því tilfalli greiðir útgefandi þýðanda aðeins umsamda eingreiðslu miðað við flokk D, skv. grein 8. Komi til útgáfu þýðingarinnar í kjölfarið staðfesta útgefandi og þýðandi samning sinn um þýðingu alls verksins með því að undirrita grein A. I. og taka þá öll ákvæði þessa samnings gildi.

Rétturinn til þess að gefa út þýðinguna felur ekki í sér að útgefanda sé skylt að gefa hana út.

1.3. Rétturinn til útgáfu

Útgefandi má heimila þriðja aðila aðgang að hluta þýðingarinnar á hvaða hátt sem er, enda sé það gert í auglýsingar- og/eða kynningarskyni og án endurgjalds til útgefandans. Þýðandinn skal eiga rétt á upplýsingum um aðgang þriðja aðila að verkinu ef til kemur.

Útgefanda er heimilt að vinna með þriðja aðila við útgáfu á verkinu í þeim útgáfumyndum sem að ofan er getið. Í tilfalli hljóðútgáfu skal hafa samráð við þýðanda eða handhafa höfundarréttar þýðingarinnar um lestur verksins og styttingar á því, ef um er að ræða, auk þess sem þjóða skal þýðanda að hlusta á innlestur verksins.

1.4. Safnrit

Eftir að verkið hefur verið gefið út hefur útgefandi rétt til að birta það eða hluta þess í safnriti og skal greitt fyrir þá notkun sérstaklega skv. safnritataxta. Óski þýðandi eftir að birta þýðinguna í safnriti hjá öðrum útgefanda getur hann, ef framlag hans í safnritið er ekki meira en ákveðið er í 17. gr. höfundarlaga, gert það hvenær sem er, að því er varðar safnrit til skólakennslu, en að því er varðar önnur safnrit þremur árum eftir lok þess árs er fyrsta útgáfa þýðingarinnar kom út.

1.5. Önnur not þýðingar

Komi til þess að þýðandi semji um nýtingu þýðingarinnar á annan hátt en þann sem kveðið er á um í heimildum útgefanda samkvæmt samningi hans við handhafa höfundarréttar, svo sem um leikgerð, kvikmynd eða sjónvarpsþætti, skal tilkynna útgefanda skriflega um slíka samninga þegar þeir eru gerðir og um áætlaðan útsendingartíma eða frumsýningardag, þegar slíkt hefur verið ákveðið.

Þýðandi má ekki semja um upplestur á þýðingunni í útvarpi í heild sinni í tvö ár frá útgáfudegi verksins án þess að skriflegt samþykki útgefanda liggja fyrir.

2. gr. Gildistími þýðingarsamnings

Öll ákvæði 2. greinar hafa því aðeins gildi að undirritaðir hafi verið skilmálar A.I. og gilda ekki um reynsluþýðingar.

2.1. Frumútgáfa

Samningur þessi tekur gildi við undirritun. Hafi þýðingin ekki verið gefin út, í hvaða útgáfumynd sem er, innan fjögurra ára frá gerð þessa samnings, falla niður réttindi útgefanda til að gefa þýðinguna út. Greiðslur sem útgefandi hefur innt af hendi eru óafturkræfar svo framarlega sem þýðandi hefur staðið við sinn hluta samningsins, sbr. 5. gr.

2.2. Framlenging samnings

Hafi þýðingin ekki verið gefin út innan fjögurra ára frá gerð samnings þessa er útgefanda og þýðanda heimilt að framlengja samninginn um önnur fjögur ár.

2.3. Réttindi falla niður

Hafi þýðingin ekki verið gefin út að liðnum átta árum falla öll réttindi samkvæmt samningi þessum niður að því tilskildu að útgefandi hafi ekki lengur rétt til útgáfu þýðingarinnar með samningi við höfundarréttihafa verksins.

2.4. Heimild til að semja að nýju

Hafi útgefandi ekki endurnýjað samning sinn við handhafa höfundarréttar verksins og tryggi nýr útgefandi sér rétt til útgáfu þess, sem þá er fyrri útgefanda óheimil, skal þýðanda heimilt að semja við þann útgefanda um notkun þýðingar sinnar til útgáfu verksins að nýju án þess að það verði talið fara í bága við þennan samning. Við útgáfu þýðingarinnar á lögmætan hátt hjá nýjum útgefanda falla niður öll réttindi samkvæmt samningi þessum.

2.5. Endurútgáfa sama útgefanda

Hafi verkið komið út samkvæmt samningi þessum, en samningur útgefandans við handhafa höfundarréttar frumtexta fallið úr gildi, skal útgefandinn hafa áframhaldandi heimild til að gefa þýðinguna út, að því tilskildu að hann hafi endurnýjað samninga sína við höfundarréttihafa frumtexta. Þetta er háð því skilyrði að þýðingin hafi þá ekki verið gefin út af öðrum útgefanda samkvæmt lögmætum samningi þar um. Í slíku tilviki gilda skilmálar samnings þessa um greiðslur til þýðanda og að öðru leyti koma ekki til frekari greiðslur frá hendi útgefanda.

2.6. Endurskoðun og breytingar

Hafi þýðingin verið uppseld hjá útgefanda og er nú gefin út að nýju af sama útgefanda, í hvaða útgáfumynd sem það er, ber útgefanda að tilkynna það þýðanda. Þýðanda gefst þá kostur á að koma fram athugasemdum og gera á þýðingunni breytingar og ber útgefanda ekki að greiða þýðanda fyrir þá vinnu. Ekki skulu líða meira en þrjú mánuðir frá því þýðanda er tilkynnt um

endurútgáfuna þangað til hann hefur komið athugasemdum sínum á framfæri. Óski útgefandi eftir því að þýðandi geri breytingar á þýðingunni skal semja um greiðslur fyrir það sérstaklega.

3. gr. Einkaréttur útgefandans

Þýðanda verksins er ljós einkaréttur útgefanda til útgáfu verksins og fénytingar þess samkvæmt samningi útgefanda og handhafa höfundarréttar og að honum er óheimilt að ráðstafa þýðingunni í bága við rétt útgefanda samkvæmt samningi þessum.

4. gr. Framsal útgáfuréttar

Ef réttur útgefanda samkvæmt samningi þessum er þáttur í eignum fyrirtækis má framselja útgáfuréttinn að þýðingunni samkvæmt samningi þessum til annars útgefanda án samþykkis þýðanda, sé um að ræða framsal eða eigendaskipti á öllu forlaginu eða hluta af því. Á sama hátt getur útgefandi með sömu skilyrðum áður en verkið er gefið út framselt útgáfurétt þýðingarinnar samkvæmt samningi þessum til annars lögaðila. Við framsal útgáfuréttar að þýðingunni er framseljandi áfram ábyrgur fyrir því að staðið sé við samninginn gagnvart þýðanda.

C. HANDRIT, PRÓFARKIR OG SKIL ÞÝÐINGAR

5. gr. Handrit og skil þýðingar

Samningsaðilar skulu gæta þess að skilatími handrits sé innan raunhæfra tímamarka.

5.1. Frágangur

Fullgert handrit þýðingarinnar afhendist fyrir þann tíma sem tilgreindur er í upphafi samningsins. Við afhendingu skal handritið vera í tölvutæku formi. Að öðru leyti skal handritið þannig úr garði gert að ekki falli aukakostnaður á útgefandann vegna óskýrleika eða tækniörðugleika við að kalla textann fram. Þetta ákvæði gildir jafnt um reynsluþýðingar sem þýðingar til útgáfu.

5.2. Riftun samnings

Hafi handrit þýðingarinnar ekki verið afhent á umsömdum tíma og í fyrrgreindu ástandi skal útgefandinn gefa þýðandanum frest í minnst fjórtán daga og getur síðan rift samningnum, hafi handriti ekki verið skilað að fresti liðnum. Sé samningi rift af framangreindum ástæðum, skal þýðandi endurgreiða þau þýðingarlaun sem hann hefur þá fengið greidd. Sé það ekki gert innan mánaðar frá riftun samnings, hafi hluta þýðingar verið skilað eða uppkasti hennar, getur útgefandi þó ákveðið í stað þess að krefjast endurgreiðslu á þýðingarlaunum að nýta þýðinguna með þeim hætti að nýr þýðandi verði ráðinn til að ljúka henni á grundvelli þess sem þá liggur fyrir.

5.3. Frávik

Ef til þess kemur að þýðandi verði vegna veikinda eða annars ófær um að ljúka þýðingunni samkvæmt samningi þessum skal útgefanda heimilt að ráða nýjan þýðanda til að ljúka henni á grundvelli þess sem þá liggur fyrir. Í því tilviki skulu útgefanda afhent vinnugögn þýðanda í þeirri mynd sem þau eru. Þá skal staða verksins metin og greitt hlutfallslega fyrir þýðinguna samkvæmt samningi þessum. Útgefandi og þýðandi skulu reyna að ná samkomulagi um nýjan þýðanda til að ljúka verkinu. Upphaflegs þýðanda skal getið við útgáfu verksins, nema hann óski annars.

5.4. Ágreiningur

Komi til ágreinings milli þýðanda og útgefanda eftir afhendingu handrits um gæði þýðingar og geti útgefandi sýnt fram á ágalla þýðingar með rökstuddum hætti gefst þýðanda kostur á að lagfæra þýðinguna. Sé það mat útgefanda að ekki hafi verið tekið tillit til athugasemda hans í fullbúnu handriti og ljóst sé að leggja í þurfi kostnaðarsamar breytingar til að handritið sé

útgáfuhæft skulu aðilar leita sameinlega til umsagnaraðila sem þeir skulu báðir samþykka og er umsögn hans bindandi. Náist ekki samkomulag um umsagnaraðila er aðilum samnings þessa heimilt að óska eftir því að Þýðingasetur Háskóla Íslands tilnefni slíka aðila. Allur kostnaður vegna vinnu umsagnaraðila er greiddur af báðum aðilum til jafns. Falli úrskurður útgefanda í vil heldur hann eftir lokagreiðslu samnings þessa eða 1/3 þýðingarlauna, skv. 8, gr. Falli hins vegar úrskurður þýðanda í vil ber útgefanda að standa full skil á þýðingarlaunum samkvæmt samningi þessum.

6. gr. Breytingar á handriti

6.1. Breytingar á fullbúnu handriti

Samningurinn miðast við að þýðandi fái í hendur fullbúinn frumtexta. Ef breytingar eru gerðar á frumtexta meðan þýðing er í vinnslu skal meta þá vinnu þýðandans aukalega.

6.2. Fullbúið handrit

Eftir að þýðandi hefur skilað fullbúnu handriti getur hann ekki án samþykkis útgefandans gert slíkar breytingar á verkinu að eðli þess eða stærð breytist verulega. Utgefandinn ákveður uppsetningu og útlit verksins við útgáfu þýðingar.

6.3. Ritstörf umfram þýðingar

Óski útgefandinn eftir því að þýðandi inni af hendi ritstörf umfram þýðingu, svo sem ritun formála að þýðingunni, skýringar, atriðisorðaskrár, káputexta og því um líkt, skal greitt sérstaklega fyrir það samkvæmt gildandi taxa eða sérstöku samkomulagi aðila.

6.4. Reynsluþýðing – staðfest eða hafnað

Telji útgefandi reynsluþýðinguna fullnægjandi að loknum yfirlestri undirrita þýðandi og útgefandi skilmála A.I. í samningi þessum og um leið taka öll ákvæði samningsins gildi. Í tilviki reynsluþýðinga hefur útgefandi fullan rétt til þess að staðfesta ekki skilmála A.I. samkvæmt samningi þessum telji hann þýðinguna ekki fullnægjandi. Æskilegt er að hann rökstyðji mat sitt.

7. gr. Prófarkalestur

7.1. Prófarkir

Þýðandanum er rétt og skylt án sérstaks endurgjalds að lesa fyrstu próförk þýðingarinnar. Fari hann fram á að lesa fleiri prófarkir skal honum það heimilt. Að öðru leyti sér útgefandinn um prófarkalestur. Ef þýðandinn skilar ekki próförkum innan þriggja vikna skal líta svo á að hann samþykki þær og útgefandanum er þá heimilt að láta prenta þýðinguna eftir að innsláttarvillur hafa verið leiðréttar.

7.2. Umfangsmiklar breytingar

Breyti þýðandinn verki sem hefur verið brotið um í svo ríkum mæli að það hafi í för með sér meira en 10% aukinn kostnað við umbrot getur útgefandinn krafist þess að þýðandinn greiði það sem er umfram þau 10% og eftir atvikum dregið það frá greiðslum til þýðanda. Slíka kröfu skal útgefandi gera eigi síðar en þriggja vikna eftir að prófarkir hafa verið afhentar.

D. FJÁRHAGSLEGIR SKILMÁLAR

8. gr. Almenn ákvæði um þýðingarlaun

Fyrir útgáfuréttinn að þýðingunni skal útgefandi greiða þýðingarlaun í samræmi við umfang þýðingar, eðli verksins sem til þýðingar er og reynslu þýðanda. Miðað er við fjóra flokka:

A

Verk sem hvorki krefst sérstakra rannsókna né umtalsverðrar yfirlegu og er almenns eðlis, s.s. sakamála- og afþreyingarsögur, handbækur og fræðslurit fyrir almenning, einföld námsgögn og önnur slík rit.

Kr. 44.928,00 fyrir normalörk þýðingar (16 bls. með 2160 stafabilum á síðu) / kr. 1,30 á stafabil.

B

Verk sem krefst yfirlegu og er unnið af þýðanda með talsverða reynslu, s.s. vandaðar samtímabókmenntir, sígildar barnabækur, vísindarit, sérhæfð námsgögn og önnur slík rit.

Kr. 63.936,00 fyrir normalörk þýðingar (16 bls. með 2160 stafabilum á síðu) / kr. 1,85 á stafabil.

C.

Verk sem hafa ótvírætt gildi sökum stöðu sinnar sem heimsbókmenntaverk, sígild verk annálaðra andans jöfra, eða verk sem krefst mikillar rannsóknarvinnu og/eða sérmenntunar og unnið er af þýðanda með mikla reynslu af þýðingum.

Kr. 81.907,00 fyrir normalörk þýðingar (16 bls. með 2160 stafabilum á síðu) / kr. 2,37 á stafabil.

D.

Reynsluþýðingar, stuttir textar og textabrot, þar með talið káputextar, kynningartextar, tilvitnanir og önnur slík styttri verk.

Kr. 32.832,00 fyrir normalörk þýðingar (16 bls. með 2160 stafabilum á síðu) / kr. 0,95 á stafabil.

Þýðingarlaun fyrir flokk A, B og C greiðast þannig: Við undirskrift greiðist 1/3, við afhendingu fullfrágengis handrits 1/3 og við útkomu þýðingar 1/3.

Þýðingarlaun fyrir flokk D greiðast eftir að þýðandi hefur afhent þýðingu sína og hún lesin yfir. Ef reynsluþýðing fullnægir ekki þeim skilmálum að vera tæk til þess að skilmálar A.I taki gildi greiðir útgefandi aðeins samkvæmt texta D. Að öðrum kosti greiðir hann upphæðina að fullu og dregst hún þá frá grunnupphæð þýðingarinnar skv. flokkum A, B eða C eftir því sem við á.

Á upphæð þýðingarlauna samkvæmt grein þessari greiðast verðbætur frá og með 1. febrúar 2011 miðað við launavísitölu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands.

Við gerð þessa samnings er samið um greiðslu þýðingarlauna fyrir 7.000 eintök í hvaða útgáfumynd sem er, hvort heldur er innbundin bók, kilja, stafræn textaútgáfa eða sem hljóðefni. Þegar seld hafa verið 7.000 eintök í hvaða útgáfumynd sem er á þýðandi þá rétt á greiðslu sem svarar 7% af nettósöluverði verksins svo lengi sem verkið er til sölu, hvort heldur er í efnislegri eða óefnislegri mynd og útgefandi hefur til þess heimild.

Útgefanda ber að tilkynna þýðanda þegar sala hefur náð 7.000 eintökum og láta þýðanda árlega í té yfirlit yfir þýðingarlaun umfram grunnreiðslu þaðan í frá. Skal útgefandi senda þýðanda uppgjör liðins árs fyrir lok júní næsta árs og síðan árlega þaðan í frá svo lengi sem verkið er til sölu.

Greiðslur umfram grunnreiðslu þýðingarlauna miðast við 7% af nettósöluverði verksins. Með nettósöluverði er átt við tekjur útgefanda af sölu verksins að frádregnum virðisaukaskatti.

9. gr. Staðfesting á eintakafjölda og sölu

Útgefandanum er skylt að láta þýðanda í té skriflega yfirlýsingu eða afrit reikninga prentsmiðju, bókbandsstofu, framleiðanda eða upplýsingar úr sölukerfum þeirra sem annast hafa gerð bókar, hljóðbókar eða haft hafa með höndum sölu á rafrænum útgáfum eða með öðrum hætti selt verkið, um prentaðan, framleiddan eða seldan eintakafjölda.

10. gr. Eintök þýðanda

Af fyrstu útgáfu prentaðrar bókar og framleiddrar hljóðbókar samkvæmt samningi þessum skal þýðandi fá 15 eintök án endurgjalds. Af hverri nýrri útgáfu í prentuðu formi og framleiddum hljóðbókum fær þýðandi 5 eintök án endurgjalds. Af rafrænum útgáfum og hljóðskráum fær þýðandi að vista tvö eintök, hvort sem er í tölvu, lestæki, síma osfrv.

Rafrænt afrit af endanlegum texta verksins skal útgefandi afhenda þýðanda eigi síðar en á útgáfudegi verksins.

E. ÖNNUR ATRIÐI

11. gr. Merking og nafnbirting þýðanda.

Þýðanda skal getið á viðeigandi hátt við kynningu verksins og nafn hans birt á titilsíðu verksins. Æskilegast er að þýðanda sé einnig getið á kápu eða á umbúðum. Í öllum eintökum verksins skal vera höfundarréttartákn það sem lýst er í grein III. í Alþjóðasamningnum um höfundarrétt (Genfarsáttmálanum) ásamt nafni höfundar og þýðanda og ártali fyrstu útgáfu. Merkingin skal vera svohljóðandi:

© Nafn höfundar eða réttihafa, nafn þýðanda, fyrsta útgáfuár, 2., 3. útgáfa o.s.frv.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar, þýðanda og útgefanda.

Prentunarstaður og ár.

Merkingunni skal þannig fyrir komið og á þeim stað að hún gefi ljóst til kynna hver sé eigandi höfundarréttarins. Einnig skal merking segja til um hver séu réttindi útgefandans og hver hafi þýtt verkið.

12. gr. Undanþága frá fresti

Fresti þá sem tilgreindir eru í samningi þessum má lengja vegna óviðráðanlegra atvika, sem samningsaðlium verður ekki kennt um, svo sem eldsvoða, verkfalls eða verkbanns, náttúruhamfara, styrjaldar eða annarra sambærilegra atvika.

13. gr. Ef gerðar eru breytingar á samningi þessum skulu frávik auðkennd sérstaklega.